

Nr. 003 / 14 Klakkur SK 5***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1472
 Smíðaður: Gdynia Póllandi, 1977
 Stærð: 488,0 brl. 744,7 bt.
 Mesta lengd: 51,83 m Skráð lengd: 44,71 m
 Breidd: 10,76 m Dýpt: 6,96 m
 Vél: B&W Alpha 1620 kW, 1987
 Fjöldi skipverja: 15



Klakkur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. janúar 2014 var Klakkur SK 5 á landleið frá NA miðum. Veður: NA 5 m/s og þungur sjór.

Skipverjar voru að losa stíflu í ísflutningskerfi og ætlaði einn þeirra að hreinsa ís úr mataranum, sem var stopp, með hendinni en þá var búnaðurinn settur í gang með þeim afleiðingum að vísifingur skipverjans klemmdist í mataranum. Hann skarst illa og leitaði til læknis þegar í land var komið á Sauðárkrók.

**Við rannsókn kom fram:**

Gula örin sýnir slystað

- að matarinn er drifinn af rafmótor sem snýr vinkillaga skóflum á öxli (stjörnuhnífar) í miðju strokk og skammtar með jöfnum hraða ísmagnið sem fer niður í blástursbarkann. Hann snerist en skammtaði ekki niður í barkann þar sem stíflan var í stútnum ofan við hann;
- að slasaði sagðist hafa verið að hreinsa ísinn í stút matarans og verið með hendina í honum þegar mótorinn var ræstur;

- að búnaðurinn var ræstur á öðru þilfari (milliþilfari) og gengið var að því vísu að enginn væri með hendi í mataranum eins og vinnureglur um borð segja til um;
- að sögn vitnis taldi hann að yfirálagsvörn hafi leyst mótörinn út þegar stíflan kom í matarann og hann hafi því ekki farið í gang aftur fyrir en hann hafi verið endurræstur;
- að sögn skipstjóra kemur það fyrir að matarinn stíflist. Vinnureglur eru þær að enginn fari með hendurnar ofan í matarann heldur eigi að nota heitt vatn til að bræða ísinn eða áhald til að losa stífluna. Það hafi verið búið að vara slasaða við að fara með hendurnar í matarann;
- að skipstjóri sagði að ekki hafi verið neyðarstöðvun við eða hjá mataranum. Matarinn ásamt loftblæstri hafi verið settur í gang til að losa um stífluna eins og verkferlar kveði á um;
- að eftir slysið var matarnum breytt þannig að ekki er hægt að koma höndum í hann;
- að slasaði hafði verið á skipinu í um sex mánuði og hafði reynslu frá öðrum skipum. Hann sagðist aldrei áður hafi losað svona stíflu í mataranum og því verið ókunnugur verkferlunum. Það hafi verið sambland af þekkingarleysi sínu og samskiptaleysi við þann í ísklefanum sem olli þessu. Hann taldi að ísinn hafi verið of blautur (frostlítill) og þess vegna hafi stíflan myndast.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til fljótferni og þekkingarleysis slasaða.

Sérstök ábending:

Nefndin telur nauðsynlegt að vinnureglur, sem unnið er eftir, séu skriflegar og yfirfarnar reglulega.